



Framkvæmda- fréttir 01. tbl. / 12



Vegfylling við Borgarfjarðarbrú við Borgarnes. Í þessu blaði er auglýst útbod á framleiðslu á vegriði úr steypum einingum sem síðar á að koma fyrir á grjótvörninni. Það verður boðið út sérstaklega. Sjá bls. 7.

Styrkir til rannsóknaverkefna 2012

Frestur til að skila umsóknum rennur út á miðnætti miðvikudaginn 1. febrúar 2012

Áður birt á vegagerdin.is 03.01.2011

Vegagerðin veitir árlega styrki til rannsóknaverkefna, en samkvæmt vegaglögum skal a.m.k. 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar varið til rannsókna.

Aðilar innan og utan Vegagerðarinnar geta sótt um fjárframlög til rannsóknaverkefna. Rannsóknarráð stofnunarinnar sér um úthlutun.

Rannsóknnum Vegagerðarinnar er skipt í fjóra megin flokka: Mannvirki; Umferð; Umhverfi; Samfélag. Innan Vegagerðarinnar starfa þrjár fagnefndir sem eru til ráðgjafar um rannsóknir innan þessara flokka. Ein um mannvirki, önnur um umferð og sú þriðja um umhverfi og samfélag. Í rannsóknastefnu Vegagerðarinnar, sem lesa má um á heimasíðu stofn-

unarinnar (www.vegagerdin.is), kemur fram að fyrir úthlutun rannsóknafjár, sem fram fer á fyrstu mánuðum hvers árs, kynna fagnefndirnar áherslusvið innan síns flokks fyrir umsjónarmönnum rannsóknastarfsins og kallað er eftir verkefnahugmyndum í samræmi við það. Áherslurnar taka einnig mið af stefnumörkun samgönguráðs.

Rétt er að taka fram að einnig er áfram veitt fé til annarra verkefna sem ekki eru innan áherslusviðanna.

Fagnefndirnar hafa gefið út eftirfarandi áherslusvið vegna rannsókna árið 2011:

Mannvirki:

Áfram er lögð áhersla á rannsóknir á slitlögum vega, þ.e.a.s.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 1. tbl. 20. árg. nr. 579 23. jan. 2012

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbodsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt, útbodsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

hönnun þeirra, framleiðslu, lögn og viðhald. Með tilkomu nýrra Evrópustaðla fyrir malbik er mikilvægt að auka rannsóknir á malbiksslitlögum, m.a. með nýjum rannsóknadferðum sem staðlarnir mæla fyrir um að skuli taka við af eldri aðferðum. Evrópustaðlar fyrir klæðingu verða gefnir út, auk þess sem

ýmsar nýjungar eru að ryðja sér til rúms við hönnun og lögn klæðinga sem nauðsynlegt er að fylgjast með og rannsaka. Mikilvægt er að þróa aðferðir við framleiðslu, útlögn og viðhald malarslitlags sem auka gæði þess.



Brúarvinnu menn frá Hvammstanga gera upp gamla brú yfir Haffjarðará á Snæfellsnesi sem notuð verður sem göngubrú. Viðgerðin felst í að steypa ofan á og utan um bogann. Síðan nýir veggir þar á og dekkið endurnýjað. Allar brúkur endurgerðar í upphaflegu formi og nýir endastólpar. Þá kemur alveg nýtt handrið. Einnig verður það framleitt á vegfyllingum við brúarendu á kantbita. Ljósmynd: Guðmundur Ingi Waage. Mynd frá gagnstæðu sjónarhorni hér fyrir neða Þessi brú var í notkun til ársins 1965 þegar vegurinn færðist að núverandi brúarstæði og brú nr. 2 var byggð. Sú brú var rifin sl. ár þegar sú nýjasta tók við. Ljósmynd: Jón J. Víðis 1956.



Þá er lögð áhersla rannsóknir sem tengjast hönnun, framleiðslu og framkvæmd við gerð burðarlags.

Auk ofangreindra áhersluatriða mun Vegagerðin láta rita leiðbeiningar, til dæmis um framkvæmdaefirlit og hönnun mannvirkja í vegagerð. Þá verða vinnureglur um verklag skoðaðar, s.s. um framkvæmd uppgjörs á efnismagni og reglur um notkun þungra bíla við nýbyggingar.

Umferð:

Lögð verður áhersla á verkefni sem auðvelda áætlanagerð og/eða bæta upplýsingagjöf og þjónustu á ýmsum sviðum vegagerðar. Hér er m.a. átt við verkefni er byggjast á upplýsingaöflun og gagnavinnslu eða úrvinnslu fyrirbyggjandi upplýsinga á sviði umferðar og umferðaröryggis.

Áfram verður unnið að skrifum leiðbeininga varðandi tiltekna þætti á sviði umferðar og umferðaröryggis. Vegagerðin mun sjálf hafa forgöngu um leiðbeiningaskrif.

Umhverfi og samfélag:

Lögð er áhersla á að styrkja verkefni sem tengjast markmiðum Vegagerðarinnar, sem mest varða umhverfismál, þ.e. góða sambúð vegar og umferðar við umhverfi og fúa og

verkefni sem tengjast markmiðum samgönguáætlunar um umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Áhersla er lögð á eftirfarandi málaflokka vegna rannsókna 2012.

- Umhverfissvænni og hagkvæmari samgöngur
- Minni mengun
- Vistheimtar- og náttúruverkefni
- Upplýsingatækni sem nýtist í umhverfis- og samfélagsmálum
- Bætt umhverfi vega
- Samfélags- og umhverfisleg ábyrgð stofnana / fyrirtækja.

Við skilgreiningar rannsóknaverkefna skal í upphafi áætla hverjir koma til með að nota niðurstöður úr verkefninum og gefa þeim tækifæri á að koma að mótun verkefnisins og innleiðingu niðurstaðna ef þurfa þykir.

Umsækjendur þurfa að fylla út umsóknaform sem finna má á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is) undir „Umsóknir og leyfi“. Frestur til að skila umsóknum rennur út að kvöldi 1. febrúar 2012.


Upplýsingar um verkefni sem fá fjárveitingu verða birtar á vef Vegagerðarinnar. ■

Útboðsverk 2011

Hér er birtur listi yfir útboðsverk sem samið var um árið 2011, raðað eftir verktökum í stafrófsröð. Tilboðsupphæð er einnig birt.

Verk taki Verk	Tilboðsupphæð, kr.	Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
Árni Helgason ehf. , kt. 670990-1769 Hlíðarvegi 54, 625 Ólafsfjörður 11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hruteyjarkvísl, styrking og endurbætur 30.521.500 11-013 Styrkingar og yfirlögn á Norðaustursvæði 2011 20.600.505 11-021 Ólafsfjarðarvegur (82), snjóflóðavarnir við Sauðanes 37.505.000		Kubbur ehf. , kt. 560197-2689 Grænigarður, 851 Hella 11-020 Vetrarþjónusta 2011 - 2014, Pingeyri - Flateyri - Suðureyri 26.591.824	
Bikun ehf. , kt. 600509-1010 Fossháls 27, 110 Reykjavík 11-002 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2011, klæðing 157.842.500		Loftorka ehf. , kt. 571285-0459 Miðhraun 10, 210 Garðabæ 11-032 Yfirlagnir á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011, repave - fræsing og malbik 187.758.000 11-040 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót í Engidal - endurbætur 71.161.000	
Blettur ehf. , kt. 630304-3180 Tröllateig 9, 270 Mosfellsbæ 11-023 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, blettanir slitlaga 32.895.750		Magnús og Steingrímur ehf. , kt. 650275-0129 Bildshófi 12, 110 Reykjavík 11-031 Brú á Kópavogslæk (40) - viðgerð steypu 2.079.700	
Borgarverk ehf. , kt. 540674-0279 Sólbakka 17-19, 310 Borgarnes 11-001 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, klæðing 82.256.000 11-016 Snæfellsnesvegur (54) um Haffjarðará 41.200.000 11-035 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti, klæðing 57.708.000 11-037 Festun og yfirlögn á Vesturlandi og Norðurlandi 2011 94.496.000		Malbikunarstöðin Höfði hf. , kt. 581096-2919 Sævarhófa 6-10, 110 Reykjavík 11-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011, malbik 342.781.600	
Esju - Einingar ehf. , kt. 651199-2559 Esjumel 9, 116 Reykjavík 11-038 Niðurrekstrarstaurar á Vestfjörðum 2011 16.972.800		Nesey ehf. , kt. 700693-2369 Suðurbraut 7, 801 Selfoss 11-022 Skeiðhóltsvegur (321) 12.558.270	
Eykt ehf. , kt. 560192-2319 Lynghálsi 4, 110 Reykjavík 11-039 Hringvegur (1), göngubrú við Krikahverfi í Mosfellsbæ 59.876.369 11-050 Strandavegur (643), Brú á Staðará í Steingrímsfirði 85.911.572 11-061 Djúpvogur (61) í Áltafjarðarbotni: um Seljalandsós og Seljalandsá 126.478.133		Rafal ehf. , kt. 611290-1019 Hringhellu 9, 220 Hafnarfjörður 11-043 Fáskrúðsfjarðargöng, endurbætur á rafkerfi 30.411.798	
Framrás ehf. , kt. 591289-0559 Smiðjuvegi 17, 870 Vík 11-033 Dyrhólavegur (218) 32.375.500		Rafskaut ehf. , kt. 490197-2069 Suðurtanga 7, 400 Ísafjörður 11-036 Breiðadals- og Botnsheiði, endurbætur á rafkerfi ganga 118.697.395	
Geotækni ehf. , kt. 680907-0640 Álfhólar 13, 800 Selfoss 11-034 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, austurhluti, klæðing 58.132.410		Skrauta ehf. , kt. 700603-4820 Vesturholt 8, 220 Hafnarfjörður 10-058 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Grænás 63.485.000	
Íslandsmálarar ehf. , kt. 510507-1260 Hraunbæ 109, 110 Reykjavík 11-025 Brú á Tunguá (68) - viðgerð steypu 5.520.000 11-026 Brýr á Hrófá og Fellsá (68) - viðgerð steypu 4.935.000		Vegamálun ehf. , kt. 630497-2649 Ennishvarf 15 a, 230 Kópavogur 11-008 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011 - 2012 168.200.000	
KNH ehf. , kt. 710795-2239 Grænagarði, 400 Ísafjörður 10-068 Vestfjarðavegur (60), Kraká - Skálanes 115.703.934		Velverk ehf. , kt. 501299-2519 Ásbrún, 311 Borgarnes 11-030 Vetrarþjónusta 2011 - 2014, Vegamót - Borgarnes - Brattabrekka 19.683.000	
		Verkvík - Sandtak ehf. , kt. 491190-1409 Rauðhella 3, 221 Hafnarfjörður 11-024 Brú á Pambá (68) - viðgerð steypu 4.573.200 11-027 Brú á Þorskaftarðará (60) - sandblástur og málun 7.483.400	
		Ylur ehf. , kt. 430497-2199 Miðás 33, 700 Egilsstaðir 11-029 Upphæraðsvegur (931), Skeggjastaðir - Teigaból 28.607.500 10-057 Hringvegur (1), brú á Ystu Rjúkandi 80.966.485	

Bundið slitlag í árslok 2011



- Bundið slitlag lagt 2011
- Bundið slitlag í lok árs 2010
- Þjóðvegir með malarslitlagi

0 10 20 30 40 50 km



Á sl. ári var boðin út gerð snjóflóðavarna á Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarmúla. Gerðir voru þrjár snjóflóðaskápar ofan vegar og stálþil sett upp fyrir framan þá, tvö 40 m og eitt 50 m. Efnid sem féll til við gerð skápanna var notað til breikkunar vegar og jöfnunar vegfláa á um 0,9 km kafla. Verktaki var Árni Helgason ehf. Á neðri myndinni má sjá skápana þrjá og hvernig snjóflóð hefur fyllt fremsta skápinn.



Stefán Thors
forstjóri
Skipulagsstofnunar
skrifar

Hlutverk Skipulagsstofnunar

Í grein í 22. tölublaði Framkvæmdafrétta Vegagerðarinnar 2011 skrifar Eiríkur Bjarnason, forstöðumaður áætla- og umhverfiseildar grein um álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði.

Í grein sinni segir Eiríkur m.a.: „Það er ekki í hlutverk Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum að gefa eigið álit á umhverfisáhrifum framkvæmda heldur er stofnuninni ætlað að gera grein fyrir niðurstöðum mats framkvæmdaraðila og gefa álit á því hvort matið uppfylli settar kröfur með tilliti til gagnaöflunar og málsmeðferðar að öðru leyti eins og nánar greinir í lögnum.“

Skipulagsstofnun bendir á í þessu sambandi að Samorka leitaði á árinu 2008 til umhverfisráðuneytisins varðandi túlkun á því hvað koma ætti fram í álit Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í bréfi umhverfisráðuneytisins til Skipulagsstofnunar dags. 2. mars 2010 segir m.a. eftirfarandi

„Ráðuneytið áréttar hér með að það telur að í álit Skipulagsstofnunar samkvæmt 11. gr. laga um mat á umhverfi-

sáhrifum nr. 106/2000 sbr. 2. mgr. 4. gr. sömu laga sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005, rúmist heimild fyrir Skipulagsstofnun til að taka hlutlæga afstöðu til umhverfisáhrifa framkvæmda.

Þessi afstaða ráðuneytisins hafði einnig komið fram í bréfi til Samorku dags. 23. október 2008.

Í þessu sambandi er rétt að benda á 2. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 þar sem segir: „Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort framkvæmd skv. 6. gr. skuli háð mati á umhverfisáhrifum og gefur álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir.“

Skipulagsstofnun hefur því ekki farið út fyrir lögbundið hlutverk sitt við mat á umhverfisáhrifum. ■

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1), steyppt vegrið á Borgarfjarðarfyllingu, framleiðsla 12-020

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í framleiðslu á 4-8 m löngum steypptum vegriðseiningum á vegfyllingu Hringvegur yfir Borgarfjörð. Vegriðseiningarnar skulu afhentar á geymslsvæði á Seleyri við Borgarfjörð.

Helstu magntölur eru:

Framleiðsla og flutningur
steinsteyptra vegriðseininga 2.600 m
Lokið skal við að framleiða og afhenda allar vegriðseiningarnar eigi síðar en 15. júní 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 23. janúar 2012. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 7. febrúar 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
12-026 Styrkingar og endurbætur á Norðvestursvæði, festun	2012
12-028 Yfirlagnir á Norðvestursvæði, malbik	2012
12-013 Þingskálavegur (286), 2012	2012
12-012 Hringvegur (1), hringtorg við Gaulverjabæjarveg	2012
12-011 Styrkingar og endurbætur á Laugarvatnsvegi (37) og Bøðmódsstaðavegi (366)	2012
12-033 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, repave - fræsing og malbik	2012
12-027 Yfirlagnir á Norðvestursvæði, klæðing	2012
12-023 Skagafjarðarvegur (752), Svartá - Stekkjarholt	2012
12-019 Styrkingar og endurbætur á Suðurfjarðarvegi (96) innan við Snæhvamm	2012
12-031 Álfanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	2012
12-018 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2012	2012
12-010 Biskupstungnabraut (35), hringtorg við Borg í Grímsnesi	2012
12-025 Styrkingar og endurbætur á Hringvegi (1) á Vatnsskarði	2012
12-017 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2012, klæðing	2012
12-009 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, klæðing	2012
12-008 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, malbik	2012
12-016 Skíðadalsvegur (807), Skáldalækur - Brautarhóll og Hofsa - Ytra Hvarf	2012
12-007 Biskupstungnabraut (35), hringtorg við Reykholt	2012
12-006 Leirnavvegur (243) og breytingar á farvegi Svaðbælisár	2012
12-021 Borgarfjarðarbraut (50), vegagerð um Reykjadalásá	2012
12-032 Grassláttur á Suðvestursvæði 2012-2013	2012

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:	
12-015 Borgarfjarðarvegur (94), um Njarðvíkurá	2012	
12-005 Héraðsvegir (heimreiðar) í Ásahreppi 2012	2012	
12-004 Villingaholtsvegur (305), Gaulverjabæjarvegur - Fljótshólar	2012	
12-029 Hringvegur (1), steipt vegrið á Borgarfjarðarfyllingu, uppsetning	2012	
12-030 Norðausturvegur (85), Bunguflooi - Vopnafjörður, endurútboð	2012	
12-003 Styrkingar og endurbætur á Hringvegi (1), Múlakot - Foss	2012	
12-024 Styrkingar og endurbætur á Hringvegi (1) norðan Fornahvamms	2012	
12-014 Norðausturvegur (85), tenging við Vopnafjörð	2012	
12-002 Girðingar á Suðursvæði 2012	2012	
12-022 Uxahryggjavegur (52), Gröf - Skarð	2012	
12-001 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2012	2012	
11-047 Vestfjarðavegur (60), Eiði - Pverá	2012	
11-048 Strandavegur (643), Djúpvvegur - Geirmundastaðavegur í Steingrímsfirði	2012	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
12-029 Hringvegur (1), steipt vegrið á Borgarfjarðarfyllingu, framleiðsla	23.01.12	07.02.12
11-055 Vaðlaheiðargöng, eftirlit	12.09.11	14.02.11
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
11-054 Vaðlaheiðargöng, stálbitar fyrir bráðabirgðabru	05.09.11	27.09.11
11-042 Vaðlaheiðargöng bráðabirgðabru fyrir vinnuumferð	29.08.11	13.09.11
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	11.10.11
Samningum lokið	Opnað:	Samið
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík Suðurverk ehf., kt. 520885-0219	15.11.11	06.01.12



Verktaki leggur klæðingu á Þingvallavegi. Í opnu þessa blaðs er kort sem sýnir bundið slitlag á landinu og nýlagnir 2011.